

Virðing—Gleði—Kærleikur



Kæri vinur

Kæri vinur, kæri vinur,
kætumst saman hér.

Vertu hérna hjá mér,
ekki fara frá mér.

Kæri vinur, kæri vinur,
kætumst saman hér.

(Lag: Gamli Nói)



Vinur minn

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.

Í stórum hópi inn um hlátrasköll
geta ævintýrin skeð.

Svo vertu velkominn! (klapp-klapp)

Nýi vinur minn. (klapp-klapp)

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt.

Getur glatt og huggað jafnvel þá
sem við þekkjum ekki neitt.

Svo vertu velkominn! (klapp-klapp)

Nýi vinur minn. (klapp-klapp)

Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt

Hafdís Huld Þrastardóttir og Alisdair Wright

<http://www.youtube.com/watch?v=H74ZujOhS-c>

Vinalagið - Ég sendi þér fingurkoss

∴: Ég sendi þér fingurkoss ∴:

Því við erum allra bestu

bestu, bestu, vinir, vinir

allra bestu, bestu, bestu vinir.

∴: Ég vinka og veifa þér ∴:

Því við erum allra bestu

bestu, bestu, vinir, vinir

allra bestu, bestu, bestu vinir.

Ég brosi breitt til þín

því þú ert gleði mín.

Því við erum allra bestu

bestu, bestu, vinir, vinir

allra bestu, bestu, bestu vinir.

Við leiðumst hönd í hönd

bundin í kærleikans bönd.

Því við erum allra bestu

bestu, bestu, vinir, vinir

allra bestu, bestu, bestu vinir.

Við erum góð

Við erum góð,

góð hvert við annað

stríðum ekki eða meiðum neinn.

Þegar við grátum, huggar okkur einhver,

þerrar tár og klappar okkar kinn.

Þegar við grátum huggar okkur einhver,

þerrar tár og klappar okkar kinn.

Lag: Veistu að ég á lítinn dreng)

Allir þurfa að eiga vin

Allir þurfa að eiga vin,
allir þurfa að eiga vin.
Leggjum núna hönd í hönd
og hnýtum okkar vinabönd.

Þegar þjatar eitthvað á,
allt það segja vini má,
ýta sorgum öllum frá
og aftur gleði sinni ná.

Allir þurfa að eiga vin ...

Vináttan hún færir frið,
friður bætir mannkynið.
Öðrum sýnum ást og trú
og eflum vináttuna nú.

Allir þurfa að eiga vin ...

Við erum vinir

Við erum vinir, við erum vinir.
Ég og þú, ég og þú.
Leikum okkur saman, leikum okkur saman.
Ég og þú, ég og þú.

(Lag: Meistari Jakob)

Gúkk-gú-gú

Gúkk-gú-gú!
Hvar ert þú, litla ljósið mitt?
Gúkk-gú-gú!
Ég sé nú, bjarta brosið þitt!

Lítill heimur

Þar er gott að vera sem gleðin býr.
Þar sem gerast sögur og ævintýr.
Svona er veröldin okkar,
sem laðar og lokkar.
Svo ljúf og hýr.
Lítill heimur, ljúfur, hýr
lítill heimur, ljúfur, hýr
lítill heimur, ljúfur, hýr
- líkt og ævintýr.

Það er gaman að vera saman

Það er gaman að vera saman,
vera saman, vera saman.
Það er gaman að vera saman
þá líður okkur vel.

Vinur þinn er vinur minn
og vinur minn er vinur þinn.
Það er gaman að vera saman
þá líður okkur vel.

Það er gaman að lita saman
Lita saman, lita saman.
Það er gaman að lita saman
þá líður okkur vel.

Lita gulan, lita rauðan,
lita grænan, lita bláan.
Það er gaman að lita saman
þá líður okkur vel.



Ef sérðu krókódíl

Ef sérður krókódíl í þínu baðkeri,
vertu ekki við hann hræddur, sýndu hugrekki
og þjóddu honum inn í stofu
þar að snæðingi.

Ef situr stærðar górilla í geymslunni,
skaltu taka því með ró, þú veist af reynslunni
að ef hún fær tvo banana
hún sýnir kurteisi.

Ef liggur stærðar ljón á þínu skrifborði,
skaltu ekki kalla á mömmu þína í ofboði,
heldur klappa því á bakið
svo það steinsofni.

Tilfinningablús

Ég finn það ofan í maga o-ho
Ég finn það niður í fætur o-ho
Ég finn það fram í hendur o-ho
Ég finn það upp í höfuð o-ho
Ég finn það hér og hér og hér
og hér og hér og hér
Hvað ég er reið,
hér inni í mér.
(glöð/leið/preytt/hress/hrædd/hissa/feimin)

Broslagið

Það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A
það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A
það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A
Að B-R-O-S-A brosa ☺

Jesús er besti vinur barnanna

∴ Jesús er besti vinur barnanna ∴
Alltaf er hann hjá mér.
aldrei fer hann frá mér.
Jesús er besti vinur barnanna.

Góðan dag

Góðan dag kæra jörð,
góðan dag kæra sól,
góðan dag kæra tré,
og blómin mín öll.

Sæl fiðrildin mín
og lóan svo fín.
Góðan dag fyrir þig,
góðan dag fyrir mig

Gulli og perlum safna sér

Gulli og perlum safna sér
sumir endalaust reyna
vita ekki að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina
en viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.
(lag: Vem kan segla)

Filli

Filli í fýlu, Filli í fýlu, púki er, púki er.
Hann er alltaf að reyna,
hann er alltaf að reyna
að troða sér í börnin hér.

Filli hann brosir, Filli hann brosir
glaður er, glaður er.
Hann er alltaf að reyna,
hann er alltaf að reyna
að koma sér, í börnin hér.



Þetta litla ljósið mitt ...

Þetta litla ljósið mitt, það skal lýsa bjart.
Þetta litla ljósið mitt, það skal lýsa bjart.
Þetta litla ljósið mitt, það skal lýsa bjart,
lýsa bjart, lýsa bjart, lýsa bjart.

Heima hjá henni mömmu minni,
það skal lýsa bjart ...

Heima hjá honum pabba mínum,
það skal lýsa bjart ...

Yfir allan Stykkishólm,
það skal lýsa bjart ...

Daginn í dag

∴ Daginn í dag ∴

∴ gerði Drottinn Guð ∴

Gleðjast ég vil,
gleðjast ég vil og fagna þennan dag,
fagna þennan dag.

Daginn í dag gerði Drottinn Guð,
gleðjast ég vil og fagna þennan dag.

∴ Daginn í dag ∴

Gerði Drottinn Guð.



Ef þú ert súr vertu þá sætur

Ef þú ert súr vertu þá sætur,
sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.
Ekkert er varið í sút eða seyru
teygðu á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta brosað
geta í hláturböndin tosað
geta hoppað, hlegið, sungið, endalaust.

Ef þú ert fýldur þá líkistu apa
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa
ekkkert er varið í sút eða seyru
teygðu á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta brosað

Sértu glaður

Sértu glaður klappaðu með höndunum,
Sértu glaður klappaðu með höndunum.
Sértu alveg ofsaglaður, alveg ofsaglaður maður.
Sértu glaður klappaðu með höndunum.

Sértu glaður stappaðu með fótunum.

Sértu glaður skaltu smella með fingrum.

Sértu glaður skaltu smella með vörunum.

Sértu glaður skaltu blikka með augunum.

Sértu glaður skaltu banka í þinn haus.

Sértu glaður skaltu snúa þér í hring.

Við eigum hvor annan að

Við eigum hvor annan að
eins og skefti og blað
í lífsins skúraveðri.

Hanski og hönd, hafið og strönd,
við eigum samleið ég og þú
eins og vinda'og vindubrú.

Andlit og nef, nefið og kvef,
við hnerrum hjartanlega.
Allt gengur vel ef þú átt vinarpel.

Stundum fellur regnið strítt,
stundum andar golan blítt,
öðrum stundum allt er hvítt,
en svo verður aftur hlýtt.

Sumir kvarta sí og æ,
svoleiðis ég skellihlæ.
Allt gengur miklu betur, í vetur,
ef þú getur kætst með mér Kömbunum í.

Það verður bjart yfir borg
bros um öll torg,
við syngjum sólaröngva, s
núðu á hæl, með þessu mælum við.

Því ekkert jafnast á við það,
að eiga góðan vin í stað,
að standa tveir í hverri raun
eru vináttulaun.



Ég er sko vinur þinn

Ég er sko vinur þinn
Langbesti vinur þinn
Gangi illa fyrir þér
allt á skakk og skjön
hvert sem litið er
Þá skaltu muna vísdómsorð frá mér
að ég er vinur þinn
já, ég er vinur þinn.

Ég er sko vinur þinn
Langbesti vinur þinn
Mér leiðist margt,
sama segi ég.
Já, tilveran er ekki alltaf dásamleg.
Þá skaltu muna vísdómsorð frá mér
að ég er vinur þinn
já, ég er vinur þinn.

Það eru ýmsir vafalaust greindari en ég er.
Líka stærri en ég.
Kannski, hjá engum öðrum þá
vináttan jafn innileg
á allan veg, já.

Þó líði ár og öld
Er vináttan en við völd
Þú færð að finna það drengur minn
Ég er vinur þinn
Já ég er vinur þinn
langbesti vinur þinn



Siggi var úti

Siggi var úti með ærnar í haga,
allar stukku þær suður í mó.

Smeykur um holtin var hann að vaga,
vissi hann að lágfóta dældirnar smó.

∴ Agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti. ∴∴

Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.

Greyið hann Siggi, hann þorir ekki heim.

Aumingja Siggi var hreint engin hetja,
hélt hann að lágfóta gerði sér mein,
inn undir bakkann sig vildi hann setja,
svo skreið hann lafhræddur upp undir stein.

∴ Agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti. ∴∴

Undi svo víða sá ómurinn ljóti

ærnar að stukku sem hundeltar heim.

Þá tók hann Siggi til fóta sem fljótast,
flaug hann sem vindur um urðir og stall.

Tófan var alein þar eftir að skjótast,
ólukku kindin hún þaut upp á fjall.

∴ Agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti. ∴∴

Trúi ég af augum hans tárperlur hrjóti,
titrandi er kom hann á kvíarnar heim.



**Munum svo eftir þessum lögum sem við
kunnum öll og eru í
söngheftinu „Náttúran og við” og fjalla
um virðingu, kærleika, gleði og aðrar
tilfinningar:**

Ég elska blómin / I like the flowers

Frost er úti fuglinn minn.

Krumminn á skjánum

Óli fór til Bertu

Ef þú ert í góðu skapi

Sólargeislinn

Þýtur í laufi

Spilum saman

Dansað á pallinum

Í leikskóla er gaman

Snæfellingar erum við

